

Hagar hf.

Ársreikningur samstæðunnar
28. febrúar 2018

Hagar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	9
Efnahagsreikningur	10
Eiginfjárfirlit	11
Sjóðstreymisyfirlit	12
Skýringar	13
Viðaukar - óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Ársfjórðungayfirlit	36
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	37

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Haga hf. („félagið“) er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur 28. febrúar 2018 samanstendur af samstæðuársreikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 2.394 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 29.384 millj. kr. Eigið fé í lok reikningsársins nam 17.957 millj. kr. og var eiginfjárlutfall 61%. Fjöldi ársverka á árinu voru 1.180 (2016/17:1.221).

Þann 26. apríl 2017 tilkynntu Haga um undirritun kaupsamnings um kaup á öllu hlutfé í Olíuverzlun Íslands hf. og fasteignafélaginu DGV ehf. Kaupsamningarnir voru undirritaðir með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar, samþykki hluthafafundar fyrir aukningu hlutfjár og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Hluthafafundur samþykkti aukningu hlutfjár á aðalfundi Haga þann 7. júní 2017 og var fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar aflétt þann 13. júlí 2017.

Niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins var að vænta 8. mars sl. en sáttaviðræður félagsins við eftirlitið höfðu ekki skilað endanlegri niðurstöðu fyrir þann tíma. Sökum þess ákvað stjórn Haga að afturkalla samrunatilkynninguna vegna málsins. Ný samrunatilkynning var send eftirlitinu 27. mars sl. Þann 29. apríl sl. barst Högum frummat um hina nýju samrunatilkynningu en þar kemur fram að Haga hafi ekki sýnt fram á að framboðin skilyrði nægi til að leysa úr öllum þeim samkeppnislegu vandamálum sem annars leiði af samrunanum. Þykir Samkeppniseftirlitinu því ekki unnt að fallast á framkomna tillögu félagsins að sátt vegna málsins.

Haga vinna nú að því að koma athugasemdum við frummatið á framfæri og eftir atvikum veita Samkeppniseftirlitinu frekari upplýsingar með það að markmiði að ná sátt um samrunann. Málinu getur því enn lokið með setningu skilyrða fyrir samrunanum eða ógildingun hans.

Kaupsamningurinn er sem fyrr segir háður fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, gagnvart öllum framboðnum skilyrðum, og því verður ekki gengið frá viðskiptunum fyrr en afstaða Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir.

Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam í lok reikningsárs 1.172 millj. kr. en félagið á eigin hluti að nafnverði 69 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 841 í byrjun rekstrarársins og 843 í lok þess. Tíu stærstu hluthafar eru eftirfarandi:

	28.2.2018	28.2.2017
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR)	14,17%	13,91%
Gildi - lífeyrissjóður	12,95%	10,85%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	6,86%	7,67%
Birta lífeyrissjóður	5,61%	5,10%
Stapi lífeyrissjóður	5,04%	5,01%
Stefnir - ÍS 15	3,60%	9,08%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,44%	0,23%
Global Macro Absolute Return Ab	3,43%	1,23%
Festa - lífeyrissjóður	3,33%	3,01%
Arion banki hf.	2,96%	1,13%

Stjórn félagsins mun leggja til á aðalfundi félagsins að greiddur verði 1,024 kr. arður á hlut til hluthafa á árinu 2018, samtals 1.200 millj. kr. Vísað er í ársreikning um breytingar á eigin fé.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Haga hf. mótast af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Hagar hf. fylgja, með einni undantekningu, leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, útgáfu 5, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins árið 2015. Stjórn félagsins hefur ekki skipað tilnefningarnefnd en mun leggja til á aðalfundi þess 6. júní nk. að nefndin verði skipuð. Stjórn hefur hingað til sinnt þeim verkefnum sem tilnefningarnefnd myndi annars sinna, fyrir utan að tilnefna menn til stjórnarsetu. Er það mat stjórnar að það fyrirkomulag hafi hingað til gefist vel.

Undantekningar og útskýringar má sjá í ítarlegri yfirlýsingu um stjórnarhætti félagsins, sem er útbúin í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og er aðgengileg á vefsíðu félagsins, www.hagar.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja má nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is.

Í tengslum við gerð ársreiknings hefur félagið komið á innra eftirliti og stýrir áhættu með viðeigandi starfaaðgreiningu og vel skilgreindum ábyrgðarsviðum. Stjórn félagsins fær einnig reglulega skýrslur um fjárhagslegar áhættur félagsins sem og skýrslur um einstaka deildir til að fylgjast með árangri. Ferlar eru til staðar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á ársreikning félagsins. Enn fremur hefur endurskoðunarnefnd vakandi auga með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits. Frekari upplýsingar um áhættustýringu félagsins er að finna í skýringu 24.

Stjórn félagsins skipa fjórir stjórnarmenn. Kristín Friðgeirsdóttir er stjórnarformaður, Sigurður Arnar Sigurðsson er varaformaður og aðrir stjórnarmenn eru Erna Gísladóttir og Stefán Árni Auðólfsson. Hlutföll kynja í stjórn eru því jöfn. Stjórnarmenn hafa víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og fjölbreytta menntun að baki. Allir stjórnarmenn teljast vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum þess. Ítarlegar upplýsingar um stjórnarmenn má finna á heimasíðu félagsins, www.hagar.is.

Stjórn félagsins hefur sett sér sérstakar starfsreglur sem eru yfirfarnar árlega. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.hagar.is, þar sem verkefni stjórnar eru sett fram. Stjórnarfundir voru haldnir að minnsta kosti mánaðarlega á rekstrarárinu 2017/18. Fundina sitja auk stjórnarmanna forstjóri og fjármálastjóri félagsins. Einfaldur meirihluti stjórnarmanna ræður afgreiðslu mála á stjórnarfundum. Stjórn metur árlega eigin störf.

Lykilstjórnendur Haga hf. eru Finnur Árnason forstjóri, Guðrún Eva Gunnarsdóttir fjármálastjóri, Guðmundur Marteinson framkvæmdastjóri Bónus, Gunnar Ingi Sigurðsson framkvæmdastjóri Hagkaups, Kjartan Már Friðsteinsson framkvæmdastjóri Banana ehf. og Lárus Óskarsson framkvæmdastjóri Aðfanga.

Stjórn Haga hf. hefur kosið endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Hlutverk endurskoðunarnefndar er að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Endurskoðunarnefndina skipa nú Erna Gísladóttir og Anna Þórðardóttir. Nefndarmenn eru óháðir endurskoðendum Haga hf., daglegum stjórnendum félagsins og stórum hluthöfum þess. Endurskoðunarnefnd skal yfirfara mikilvæg atriði varðandi reikningsskil félagsins, þ.m.t. flókin og óvenjuleg viðskipti og matskennda liði. Hlutverk starfskjaranefndar er að undirbúa tillögu að starfskjarastefnu félagsins, tillögu til hluthafafundar um starfskjör stjórnarmanna og framkvæmd starfssamninga við forstjóra og aðra þá starfsmenn er heyra undir stjórn félagsins. Starfskjaranefnd skipa Kristín Friðgeirsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson og Stefán Árni Auðólfsson. Allir nefndarmenn eru óháðir daglegum stjórnendum félagsins og stórum hluthöfum þess.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, sem og stefnu félagsins í mannréttindamálum, mútu- og spillingarmálum, eru birtar í sérstökum viðauka á bls. 37.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur félagsins gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir reikningsárið sem lauk 28. febrúar 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 28. febrúar 2018 og breytingum á handbæru fé á reikningsárinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir reikningsárið 1. mars 2017 til 28. febrúar 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja samstæðuársreikninginn.

Kópavogi, 15. maí 2018

Stjórn:

Kristín Friðgeirsdóttir

Erna Gísladóttir

Sigurður Arnar Sigurðsson

Stefán Árni Auðólfsson

Forstjóri:

Finnur Árnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Haga hf.

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Haga hf. (*samstæðan*) fyrir reikningsárið 1. mars 2017 til 28. febrúar 2018. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á reikningsárinu 1. mars 2017 til 28. febrúar 2018, efnahag hennar 28. febrúar 2018 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu 1. mars 2017 til 28. febrúar 2018, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar reikningsárið 1. mars 2017 til 28. febrúar 2018. Sem hluti af endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á samstæðuársreikningnum í heild.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Mat viðskiptavildar

Sjá nánar umfjöllun í skýringu nr. 3f og 3h um reikningsskilaaðferðir gagnvart viðskiptavild og virðisrýmun og skýringu nr. 13 um óefnislegar eignir.

Viðskiptavild samstæðunnar nemur kr. 7.609 milljónum í lok febrúar 2018 og er um 26% af heildareignum samstæðunnar og um 42% af eigin fé samstæðunnar.

Mat á virðisrýmun er háð faglegu mati og byggir m.a. á áætlunum stjórnenda um afkomu og framtíðarvöxt.

Viðskiptavild er verulegur liður í reikningsskilum samstæðunnar og vegna óvissu í mati tengt forsendum stjórnenda og öðrum forsendum sem virðisrýmunarpróf byggja á er þessi liður lykilatriði í endurskoðun okkar.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á mati á viðskiptavild fólst m.a. í eftirfarandi þáttum:

Mat á virðisrýmun viðskiptavildar samstæðunnar var yfirfarið og virðisrýmunarpróf endurreiknað.

Forsendur rekstrar- og sjóðstreymisáætlana til næstu fimm ára voru yfirfarnar. Í þeirri vinnu fólst að lagt var mat á forsendur um tekjur, rekstrarkostnað, framlegð og fjárfestingar fyrir spátímabilið m.a. á grundvelli sögulegra upplýsinga og áætlana.

Forsendur um framtíðarvöxt voru yfirfarnar.

Ávöxtunarkrafa (WACC) sem notuð er við núvriðingu fyrir einstaka fjárskapandi einingar var borin saman við fjármagnskostnað samstæðunnar og aðrar markaðsforsendur.

Verðmatssérfræðingar PwC aðstoðuðu við endurskoðun viðskiptavildar.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Mat vörubirgða

Sjá nánar umfjöllun í skýringu nr. 3g um reikningsskilaaðferðir gagnvart vörubirgðum og skýringu nr. 14 um vörubirgðir.

Vörubirgðir nema kr. 4.574 milljónum í lok febrúar 2018 og nema um 16% af heildareignum og um 25% af eigin fé samstæðunnar.

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Á hverjum reikningsskiladegi leggja stjórnendur mat á vörubirgðir. Við mat á vörubirgðum horfa stjórnendur m.a. til söluhæfis birgðanna og vænts söluverðs.

Vegna óvissu um endanlega niðurstöðu er mat vörubirgða lykilatriði í endurskoðun okkar.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög og alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á mati vörubirgða fólst m.a. í eftirfarandi þáttum:

Birgðaferillinn var yfirfarinn.

Aðferðafræði og forsendur stjórnenda við mat vörubirgða voru yfirfarnar.

Réttmæti kostnaðarverðs vörubirgða var sannreynt með úrtaksprófunum.

Mat stjórnenda á ónýtum og/eða úreltum vörum var yfirfarið.

Greiningar stjórnenda á væntu söluverði voru yfirfarnar og niðurstöður sannreynðar með úrtaksprófunum.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og veitum álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og að við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Reykjavík, 15. maí 2018

PricewaterhouseCoopers ehf.

Bryndís Björk Guðjónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. mars 2017 til 28. febrúar 2018

	Skýr.	2017/18	2016/17
Vörusala		73.895	80.521
Kostnaðarverð seldra vara		(55.577)	(60.529)
Framlegð		<u>18.318</u>	<u>19.992</u>
Aðrar rekstrartekjur	5	294	256
Laun og launatengd gjöld	6	(8.103)	(7.847)
Annar rekstrarkostnaður	7	(6.370)	(6.377)
Rekstrarhagnaður fyrir skaðabætur og afskriftir		4.139	6.024
Skaðabætur	21	0	265
Afskriftir	8	(1.122)	(1.225)
Rekstrarhagnaður		3.017	5.064
Fjármunatekjur		153	281
Fjármagnsgjöld		(221)	(304)
Hrein fjármagnsgjöld	9	(68)	(23)
Áhrif hlutdeildarféлага		20	0
Hagnaður fyrir tekjuskatt		2.969	5.041
Tekjuskattur	10	(575)	(1.005)
Heildarhagnaður ársins		<u>2.394</u>	<u>4.036</u>
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður hagnaður á hlut	18	2,11	3,46

Skýringar á blaðsíðum 13 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuársreikningsins.

Efnahagsreikningur 28. febrúar 2018

	Skýr.	28.2.2018	28.2.2017
Eignir			
Rekstrarfjármunir	11	10.733	9.364
Fjárfestingarfasteignir	12	1.530	1.563
Óefnislegar eignir	13	8.101	7.950
Fastafjármunir samtals		<u>20.364</u>	<u>18.877</u>
Vörubirgðir	14	4.574	4.419
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	15	678	587
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur	15	3.546	3.752
Handbært fé	16	222	2.474
Veltufjármunir samtals		<u>9.020</u>	<u>11.232</u>
Eignir samtals		<u>29.384</u>	<u>30.109</u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.103	1.153
Lögbundinn varasjóður / yfirverðsreikningur hlutfjár		239	291
Bundinn hlutdeildarreikningur		3.664	3.893
Óráðstafað eigið fé		12.951	12.075
Eigið fé samtals	17	<u>17.957</u>	<u>17.412</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	19	2.217	2.986
Tekjuskattsskuldbinding	10	718	601
Langtímaskuldir samtals		<u>2.935</u>	<u>3.587</u>
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	19	771	767
Tekjuskattur til greiðslu	10	379	833
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	20	6.897	7.362
Skuldbindingar	21	445	148
Skammtímaskuldir samtals		<u>8.492</u>	<u>9.110</u>
Skuldir samtals		<u>11.427</u>	<u>12.697</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>29.384</u>	<u>30.109</u>

Stýring fjárhagslegrar áhættu, skýring

24

Aðrar upplýsingar, skýringar

22,23

25-29

Skýringar á blaðsíðum 13 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. mars 2017 til 28. febrúar 2018

Skýr.	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2016/17						
Eigið fé 1. mars 2016	1.172	1.272	0	0	13.924	16.368
Endurkaup á eigin bréfum	(19)	(981)				(1.000)
Heildarhagnaður ársins					4.036	4.036
Greiddur arður, 1,7 kr. á hlut					(1.992)	(1.992)
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning				3.893	(3.893)	0
Eigið fé 28. febrúar 2017	17 1.153	291	0	3.893	12.075	17.412
Breytingar á eigin fé 2017/18						
Eigið fé 1. mars 2017	1.153	291	0	3.893	12.075	17.412
Endurkaup á eigin bréfum	(50)	(291)			(1.508)	(1.849)
Heildarhagnaður ársins					2.394	2.394
Tillag í lögbundinn varasjóð			239		(239)	0
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning				(229)	229	0
Eigið fé 28. febrúar 2018	17 1.103	0	239	3.664	12.951	17.957

Skýringar á blaðsíðum 13 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuársreikningsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. mars 2017 til 28. febrúar 2018

	Skýr.	2017/18	2016/17
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		2.394	4.036
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(90)	(8)
Skuldbindingar vegna leigusamninga		0	(25)
Afskriftir	8	1.122	1.225
Hrein fjármagnsgjöld	9	68	23
Áhrif hlutdeildarféлага	(20)	0
Tekjuskattur	10	575	1.005
Veltufé frá rekstri		4.049	6.256
Breytingar á rekstartengdum eignum	(40)	431
Breytingar á rekstartengdum skuldum	(132)	116
Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt		3.877	6.803
Innheimtar vaxtatekjur		145	283
Greidd vaxtagjöld	(220)	(309)
Greiddur tekjuskattur	(864)	(954)
Handbært fé frá rekstri		2.938	5.823
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í fasteignum	11	(111)	(2.057)
Fjárfesting í áhöldum og innréttingum	11	(2.367)	(1.226)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	13	(171)	(164)
Söluverð áhalda og innréttinga		45	37
Söluverð eignahluta		10	0
Framlag frá hlutdeildarfélagi		20	0
Fjárfestingarhreyfingar		(2.574)	(3.410)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir vaxtaberandi skulda	(767)	(757)
Greiddur arður		0	(1.992)
Keypt eigin bréf	(1.849)	(1.000)
Fjármögnunarhreyfingar		(2.616)	(3.749)
Lækkun á handbæru fé	(2.252)	(1.336)
Handbært fé í ársbyrjun		2.474	3.810
Handbært fé í lok árs	16	222	2.474
Fjárfestingar og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í fasteignum	(85)	0
Yfirteknar skuldir við kaup á félagi		85	0
Seld fasteign		85	0
Uppgerð skuld vegna sölu fasteignar	(85)	0

Skýringar á blaðsíðum 13 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðuársreikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Haga hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir reikningsárið 1. mars 2017 til 28. febrúar 2018 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðla sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn er jafnframt í samræmi við lög og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 15. maí 2018.

b. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana um reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 13 um mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eigna.

Vörubirgðir eru einnig háðar matsaðferðum stjórnenda. Upplýsingar um matsaðferðir þeirra er að finna í skýringu 3.g.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.

Til að auka upplýsingargildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðuársreikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningssskilaaðferðir, frh.:

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Gengismunur á innkaupum á vörum til endursölu eru bókfærð meðal kostnaðarverðs seldra vara.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanalegum greiðslum sem eru ekki skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Peningamarkaðsinnlán, sjóður og óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

(ii) Fjárskuldir

Fjárskuldir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og greiða skuldina á sama tíma.

d. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningssskilaaðferðir, frh.:

d. Rekstrarfjármunir, frh.:

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikning. Land er ekki afskrifað.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	20-50 ár
Áhöld og innréttingar	3-14 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi.

e. Fjárfestingarfasteignir

(i) Færsla og mat

Samstæðan leigir út fasteignir eða hluta fasteigna með tilheyrandi innréttingum og tækjum til lengri eða skemmri tíma þegar slík notkun á húsnæði er hagkvæm eða fellur vel að öðrum rekstri hennar. Fasteignir til leigu geta verið nýjar eða verið endurflokkaðar af fastafjármunum til eigin nota. Endurflokkun á sér stað yfir á fjárfestingarfasteignir þegar leiga hefur verið samþykkt og er færð til baka ef eignirnar eru aftur teknar til eigin nota.

Fjárfestingarfasteignir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Endurflokkun af eða á fastafjármuni til eigin nota er á bókfærðu kostnaðarverði á þeim tíma.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Þegar fjárfestingarfasteignir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímamann.

Hagnaður eða tap af sölu fjárfestingarfasteigna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta fjárfestinga er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta fjárfestingarfasteigna og færðar í rekstrarreikning. Land er ekki afskrifað.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	20-50 ár
Áhöld og innréttingar	3-14 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

f. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til við yfirtöku á rekstrarreikningum og kaupum á dótturfélögum og er færð á meðal óefnislegra eigna.

Viðskiptavild er mismunur á kostnaði við yfirtöku eða kaupum félags og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda.

Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

(ii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir með takmarkaðan líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður, að meðtöldum þeim sem myndar viðskiptavild og vörumerki innan fyrirtækisins, er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

(iv) Afskriftir

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	5-12 ár
Leiguréttindi	10-15 ár

g. Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstegi.

Hreint söluverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

h. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir (þar á meðal kröfur)

Á hverjum uppgjörstegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunur á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar.

Einstaka mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakhærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnun var færð. Bakhærsla fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

h. Virðisrýrnun, frh:

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar en peningalegra eigna, að undanskildum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnunarprófanir eru gerðar á hverjum uppgjörssdegi á viðskiptavild og ófnislegum eignum sem hafa óskilgreindan nýtingartíma eða hafa ekki verið teknar í notkun á uppgjörssdegi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs þá er viðskiptavild sem verður til við samruna færð á fjárskapandi einingar sem vænst er að muni hagnast af samlegðaráhrifum samrunans.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópi eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun annarra eigna er yfirfarin á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbending er um að dregið hafi úr virðisrýrnun eignarinnar. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun, að frádregnum afskriftum sem hefðu verið færðar ef engin virðisrýrnun hefði orðið.

i. Hlunnindi starfsmanna

Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði

Samstæðan greiðir föst iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

j. Hlutfé

(i) Almenn hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður við útgáfu hlutfjár og kaupréttarsamninga er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattaáhrifum.

(ii) Kaup á eigin hlutum

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði að frádregnum skattaáhrifum, færð sem lækkun á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og þeir færðir til lækkunar á heildar eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða gefnir út aftur er fjárhæð söliverðsins færð til lækkunar á eigin fé. Hagnaði eða tapi sem fellur til við söluna er bætt við eða dregið frá yfirverðsreikningi hlutfjár.

k. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir tekjuskatt sem sýna núverandi markaðsmat tímavirðis peninga og áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

l. Tekjur

(i) Seldar vörur

Tekjur af sölu á vörum eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum og fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reiknings-skilaaðferðir, frh.:

I. Tekjur, frh.:

(ii) Veitt þjónusta/aðrar tekjur

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt samningi þegar þjónustan hefur verið veitt.

m. Leigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Leiguhvatar eru færðir í rekstrarreikning sem óaðskiljanlegur hluti heildarleigugjalda á leigutímabilinu. Leiguhvatar vegna rekstrarleigusamninga eru tekjufærðir línulega í rekstrarreikning á leigutímabilinu.

n. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar á skuldbindingum, virðisrýrnun fjáreigna og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman og fært sem annað hvort fjármunatekjur eða fjármagnsgjöld sem fer eftir hvort gengismunahreyfingar skila sér í hagnaði eða tapi.

o. Tekjuskattur

Tekjuskattur samstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna skattalegs tímabundins mismunar sem er tilkominn vegna upphaflegrar skráningar á viðskiptavild.

Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman þegar til staðar er lagalegur réttur til að jafna saman tekjuskatti til greiðslu og skatteign.

Tekjuskatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteignin er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

p. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila hagnaði ársins, sem úthlutað er til hluthafa félagsins, með vögu meðaltali útistandandi hlutafjár yfir árið. Þynntur hagnaður á hlut er ákvarðaður með því að leiðrétta fjölda virkra hluta fyrir mögulegri þynningu vegna hluta sem gæti þurft að gefa út.

q. Starfspáttayfirlit

Starfsemi samstæðunnar er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits.

Rekstur samstæðunnar er þess vegna settur fram undir einum starfspætti, smásölurekstur matvöru á Íslandi.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

r. *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem hafa ekki verið innleiddar*

- (i) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkanir sem tóku gildi 1. janúar 2017 og hafa áhrif á ársreikninginn*
Engir nýir IFRS reikningsskilastaðlar sem hafa veruleg áhrif á reikningsskilin tóku gildi í byrjun árs 2017.
- (ii) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkanir sem hafa verið útgefdir en hafa ekki tekið gildi.*
Eftirfarandi nýir staðlar hafa verið útgefdir en hafa ekki tekið gildi:

<i>Staðall/túlkun</i>	<i>Innihald</i>	<i>Gildistökuári</i>
IFRS 9	Fjármálagerningar	1. janúar 2018
IFRS 15	Tekjur af samningum við viðskiptavini	1. janúar 2018
IFRS 16	Leigusamningar	1. janúar 2019

IFRS 9 Fjármálagerningar

Eðli breytinganna

IFRS 9 Fjármálagerningar tilgreinir hvernig flokkun, mati og afskráningu fjáreigna og fjárskulda skuli vera háttáð auk þess að setja nýjar reglur um áhættuvarnarreikningsskil og nýtt líkan fyrir virðisrýrnun fjáreigna.

Áhrif

Samstæðan hefur yfirfarið fjáreignir og fjárskuldir sínar og býst við eftirfarandi áhrifum af innleiðingu staðalsins þann 1. janúar 2018:

Áhrif nýja staðalsins á flokkun og mat fjáreigna og fjárskulda hjá samstæðunni verða engin, þar sem svo til allar fjáreignir og fjárskuldir eru venjulegar kröfur og skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði.

Áhrif nýja staðalsins á niðurfærslu viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna eru talin verða óveruleg, niðurfærslan byggist fyrst og fremst á sértæku mati á einstökum kröfum en ekki á safnmati og samstæðan telur að nýjar aðferðir staðalsins um áætlað útlánatap muni ekki breyta matinu.

Samstæðan hefur ekki notað reglur um áhættuvarnarreikningsskil í reikningsskilum sínum og býst ekki við breytingu þar á.

Dagsetning innleiðingar

Staðalinn verður að innleiða á fjárhagsári sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar og mun samstæðan beita nýja staðlinum afturvirkir frá 1. janúar 2018 eftir því sem við á með þeim aðferðum sem heimilaðar eru samkvæmt staðlinum til einföldunar.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

r. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem hafa ekki verið innleiddar, frh:

IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini

Eðli breytinganna

Alþjóða reikningsskilaráðið hefur gefið út nýjan staðal fyrir færslu á tekjum. Hann kemur í staðinn fyrir staðlana IAS 18 sem fjallar um samninga um vöru og þjónustu og IAS 11 sem fjallar um verksamninga.

Nýi staðallinn byggist á þeirri grundvallarreglu að tekjur séu færðar þegar yfirráð yfir vöru eða þjónustu flyst til viðskiptavina. Staðallinn leyfir að innleiðing hans sé annaðhvort að fullu afturvirk eða að notuð sé aðlöguð afturvirk aðferð.

Áhrif

Tekjur samstæðunnar eru vegna sölu á vörum til viðskiptavina, þar sem salan er skráð þegar viðskiptavinur hefur öðlast ávinning og ábyrgð á vörunni. Nær öll sala samstæðunnar er sala yfir búðarborð og mun ný regla um yfirráð ekki breyta því hvenær tekjur verða færðar hjá samstæðunni.

Dagsetning innleiðingar

Skylda er að innleiða staðalinn á reikningsári sem hefst 1. janúar 2018 eða síðar.

IFRS 16 Leigusamningar

Eðli breytinganna

IFRS 16 Leigusamningar var gefinn út í janúar 2016. Í staðlinum er aðgreiningin á milli rekstrar- og fjármögnunarleigusamninga fjarlægð, en það mun leiða til þess að nær allir leigusamningar verða færðir í efnahagsreikning. Samkvæmt staðlinum er eign (Leigugjöld til afnota) og fjárskuld vegna leigugreiðslna færð í efnahagsreikning. Eina undantekningin er leiga til skamms tíma og leiga undir tilgreindri óverulegri fjárhæð. Reikningshald hjá leigusölum mun ekki breytast verulega.

Áhrif

Staðallinn mun fyrst og fremst hafa áhrif á rekstrarleigusamninga húsnæðis en samstæðan er með leigusamninga á húsnæði sem hún áætla að muni færast sem eign til afnota og skuld á móti. Fjárhæðir leigusamninganna sem eign og skuld hefur ekki verið metið, en vísað er í skýringu 23 þar sem leigugreiðslur, óafvaxtaðar, eru tilgreindar.

Samstæðan hefur að auki ekki metið hvaða aðrar breytingar, ef nokkrar, eru nauðsynlegar. Það er því ekki enn hægt að ákveða hve mikið af eignum til afnota og leiguskuldum verður fært í efnahagsreikning við innleiðingu nýja leigustaðalsins og hvaða áhrif innleiðingin hefur til framtíðar á hagnað eða tap samstæðunnar og flokkun í sjóðstreymis.

Dagsetning innleiðingar

Skylda er að innleiða staðalinn fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar. Á þessu stigi hyggst samstæðan ekki innleiða staðalinn fyrir gildistöku dag. Samstæðan hyggst, í samræmi við heimild í staðlinum, beita einfaldaðri aðferð við innleiðinguna og mun ekki endurreikna samanburðarfjárhæðir.

Það eru engir aðrir staðlar sem ekki hafa tekið gildi og má ætla að hafa veruleg áhrif á fyrirtækið á núverandi eða framtíðar reikningsskilatímabilum.

Skýringar, frh.:

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a. *Rekstrarfjármunir*

Gangvirði rekstrarfjármuna, sem yfirteknir eru við samruna, miðast við markaðsvirði þeirra. Markaðsvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í viðskiptum milli ótengdra, viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði tækja og innréttinga byggist á markaðsverði sambærilegra eigna.

b. *Óefnislegar eignir*

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi tengdu notkun þeirra.

c. *Birgðir*

Gangvirði birgða sem yfirteknar eru við samruna er ákvarðað út frá væntu söluvirði í eðlilegum viðskiptum að frátöldum sölukostnaði og eðlilegri álagningu við að selja birgðirnar.

d. *Viðskiptakröfur og aðrar kröfur*

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörssdegi.

e. *Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður*

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörssdegi.

Skýringar, frh.:

5. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:	2017/18	2016/17
Húsaleigutekjur	123	104
Ýmsar aðrar rekstrartekjur	171	152
Aðrar rekstrartekjur samtals	<u>294</u>	<u>256</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	6.773	6.606
Mótframlag í lífeyrissjóð	683	604
Önnur launatengd gjöld	647	637
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>8.103</u>	<u>7.847</u>
Fjöldi ársverka	1.180	1.221
Fjöldi starfsmanna í árslok	2.246	2.312

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Leigugreiðslur	2.527	2.771
Ýmis annar rekstrarkostnaður	3.843	3.606
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>6.370</u>	<u>6.377</u>

8. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:		
Afskrift rekstrarfjármuna, sjá skýringu 11	1.056	1.178
Afskrift fjárfestingarfasteigna, sjá skýringu 12	33	32
Afskrift óefnislegra eigna, sjá skýringu 13	33	15
Afskriftir samtals	<u>1.122</u>	<u>1.225</u>

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum	153	281
Vaxtagjöld og verðbætur	(221)	(304)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(68)</u>	<u>(23)</u>

Skýringar, frh.:

10. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2017/18	2016/17
Tekjuskattur til greiðslu	457	913
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	118	92
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	575	1.005

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður ársins	2.394	4.036
Tekjuskattur ársins	575	1.005
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.969	5.041
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,0%	20,0%
Söluhagnaður eignarhluta í félögum	(0,6%) (19)	(0,1%) (0)
Aðrir liðir	0,0%	(0,1%) (3)
Virkur tekjuskattur	19,4%	19,8%
	575	1.005

Breyting á tímabundnum mismun 2017/18:

	Staða 28.2.2017	Fært í rekstrar- reikning	Staða 28.2.2018
Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	(605)	(134)	(739)
Birgðir	(43)	(2)	(45)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(41)	8	(33)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	0	0	0
Skuldbindingar	88	11	99
Tekjuskattsskuldbinding samtals	(601)	(117)	(718)

Breyting á tímabundnum mismun 2016/17:

	Staða 29.2.2016	Fært í rekstrar- reikning	Staða 28.2.2017
Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	(559)	(46)	(605)
Birgðir	(47)	4	(43)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(42)	1	(41)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	5	(5)	0
Skuldbindingar	134	(46)	88
Tekjuskattsskuldbinding samtals	(509)	(92)	(601)

Tekjuskattur til greiðslu greinist þannig:

	28.2.2018	28.2.2017
Tekjuskattur ársins til greiðslu	457	913
Fyrirframgreiddir skattar	(78)	(80)
Tekjuskattur ársins til greiðslu samtals	379	833

Skýringar, frh.:

11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og Innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.3.2016	3.104	12.194	15.298
Endurflokkað sem hugbúnaður	0 (73) (73)
Fjárfesting á árinu	2.057	1.226	3.283
Selt og aflagt	0 (50) (50)
Staða 28.2.2017	5.161	13.297	18.458
Endurflokkað sem hugbúnaður	0 (13) (13)
Fjárfesting á árinu	111	2.367	2.478
Selt og aflagt	0 (40) (40)
Staða 28.2.2018	5.272	15.611	20.883
Afskriftir			
Staða 1.3.2016	128	7.809	7.937
Afskriftir	65	1.113	1.178
Selt og aflagt	0 (21) (21)
Staða 28.2.2017	193	8.901	9.094
Afskriftir	68	988	1.056
Selt og aflagt	0	0	0
Staða 28.2.2018	261	9.889	10.150
Bókfært verð			
Staða 1.3.2016	2.976	4.385	7.361
Staða 28.2.2017	4.968	4.396	9.364
Staða 28.2.2018	5.011	5.722	10.733

Fjárfestingarfasteignir hafa verið endurflokkaðar í sér lið í efnahagsreikningi, sjá nánar í skýringu 12.

Í janúar 2017 skrifuðu Hagar hf. undir kaupsamning um kaup á 4.706 m² eignarhluta í Skeifunni 11 í Reykjavík, auk hlutfallslegrar hlutdeildar í sameign. Lítil hluti fasteignarinnar er í dag í útleigu þar sem stór hluti hennar skemmdist í bruna árið 2014 og hefur ekki verið í útleigu síðan. Tekin hefur verið ákvörðun um að flytja verslun Bónus í Faxafeni í Skeifuna 11 seinni hluta árs en framkvæmdir eru hafnar við að endurbyggja þann hluta eignarinnar sem skemmdist í brunanum. Verslunin verður um 1.200 m². Önnur rými í eigninni verða leigð út til 3ja aðila.

Fasteignamat og vátryggingaverð

Vátryggingaverð, fasteignamat og bókfært verð fasteigna og lóða í lok reikningsárs nam eftirfarandi fjárhæðum:

	28.2.2018	28.2.2017
Fasteignamat	3.247	2.867
Vátryggingaverð fasteigna	4.259	3.729
Bókfært verð fasteigna	5.011	4.968
Vátryggingaverð innréttinga og áhalda	8.052	6.990
Bókfært verð innréttinga og áhalda	5.722	4.396

Skýringar, frh.:

12. Fjárfestingarfasteignir

Fjárfestingarfasteignir greinast þannig:

	Verzlunar- húsnæði	Skrifstofu- húsnæði	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.3.2016	1.454	170	1.624
Fjárfesting á árinu	0	0	0
Selt og aflagt	0	0	0
Staða 28.2.2017	1.454	170	1.624
Fjárfesting á árinu	0	0	0
Selt og aflagt	0	0	0
Staða 28.2.2018	1.454	170	1.624
Afskriftir			
Staða 1.3.2016	26	3	29
Afskriftir	28	4	32
Selt og aflagt	0	0	0
Staða 28.2.2017	54	7	61
Afskriftir	29	4	33
Selt og aflagt	0	0	0
Staða 28.2.2018	83	11	94
Bókfært verð			
Staða 1.3.2016	1.428	167	1.595
Staða 28.2.2017	1.400	163	1.563
Staða 28.2.2018	1.371	159	1.530
		28.2.2018	28.2.2017
Fasteignamat fjárfestingarfasteigna		800	682
Vátryggingaverð fjárfestingarfasteigna		1.415	1.323
Bókfært verð fjárfestingarfasteigna		1.530	1.563

Samstæðan hefur ekki áreiðanlegar upplýsingar um gangvirði fjárfestingarfasteigna í lok tímabilsins.

Hluti fjárfestingarfasteigna er veðsettur vegna vaxtaberandi skulda. Samstæðan hefur ekki gengist undir neinar skuldbindingar nýrra fjárfestingarfasteigna eða um viðhald eða breytingar á núverandi eignum.

Fjárhæðir færðar í rekstrareikning vegna fjárfestingarfasteigna:

	28.2.2018	28.2.2017
Leigutekjur	123	104
Beinn rekstrarkostnaður tengdur leigueignum í útleigu	25	21
Beinn rekstrarkostnaður tengdur leigueignum sem eru ekki í útleigu	1	1

Fjárfestingarfasteignir eru ýmist í skammtíma- eða langtímaleigu. Framtíðarleigugreiðslur leigusamninga eru að lágmarki sem hér segir:

	28.2.2018	28.2.2017
Innan eins árs	108	124
Eftir eitt til fimm ár	234	316
Eftir meira en fimm ár	13	21
Rekstrarleigusamningar samtals	355	461

Skýringar, frh.:

13. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Leiguréttur	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.3.2016	8.172	444	145	8.761
Endurflokkað frá rekstrarfjármunum	0	73	0	73
Fjárfesting á árinu	0	164	0	164
Staða 28.2.2017	8.172	681	145	8.998
Endurflokkað frá rekstrarfjármunum	0	13	0	13
Fjárfesting á árinu	0	171	0	171
Staða 28.2.2018	8.172	865	145	9.182
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.3.2016	563	325	145	1.033
Afskriftir	0	15	0	15
Staða 28.2.2017	563	340	145	1.048
Afskriftir	0	33	0	33
Staða 28.2.2018	563	373	145	1.081
Bókfært verð				
Staða 1.3.2016	7.609	119	0	7.728
Staða 28.2.2017	7.609	341	0	7.950
Staða 28.2.2018	7.609	492	0	8.101

Virðisrýrnunarpróf

Viðskiptavild sem verður til við yfirtöku á rekstrarreikningum eða kaupum á dótturfélögum er ekki afskrifuð heldur er gert virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega til að kanna hvort virðisrýrnun sé til staðar. Viðskiptavild sem myndast við yfirtökur eða kaup er útdelt á flokk eigna sem eru skilgreindar sem fjárskapandi einingar af stjórnendum samstæðunnar.

Endurheimtanlegar fjárhæðir fyrir tekjuskapandi einingar eru byggðar á nýtingarvirði. Í virðisrýrnunarprófinu eru tvær fjárskapandi einingar prófaðar, Bónus og Bananar. Óverulegar fjárhæðir eru vegna viðskiptavildar í öðrum félögum.

Þar sem prófaðar einingar eru í sambærilegri og tengdri starfsemi eru sömu forsendur fyrir báðar einingar. Áætlanir um fjárstreymi byggjast á rauntölum og 5 ára rekstraráætlun félagsins fyrir hvora einingu fyrir sig. Í fjárstreyminu er gert ráð fyrir að framtíðarnafnvöxtur verði að meðaltali 2,7% árunum 2018/19 til 2022/23 (2016/17: 1,7%). Áætlaður framtíðarnafnvöxtur að loknu 5 ára spátímabili er 2,5% (2016/17: 3,0%).

Ávöxtunarkrafa heildarfjármagns eftir tekjuskatt var 10,3% (2016/17: 10,2%). Við útreikning á ávöxtunarkröfu var stuðst við ávöxtunarkröfu sambærilegra félaga og miðað er við 18,8% (2016/17: 19,2%) skuldsetningu á markaðsvöxtunum 6,1% (2016/17: 5,9%). Ávöxtunarkrafan er reiknuð út frá fjármagnskostnaði samstæðunnar eftir tekjuskatt.

Töluverð breyting í forsendum mun ekki leiða af sér virðisrýrnun.

Skýringar, frh.:

14. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:	28.2.2018	28.2.2017
Matvara	3.583	3.362
Sérvara	709	761
Vörur í flutningi	282	296
Vörubirgðir samtals	<u>4.574</u>	<u>4.419</u>
Niðurfærsla birgða í lok reikningsárs	70	85
Vátryggingaverð birgða	4.638	5.056

Veðskuldir

Allar vörubirgðir samstæðunnar eru veðsettar vegna vaxtaberandi skulda.

15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur	416	461
Aðrar skammtímakröfur	301	163
Niðurfærsla viðskiptakrafna (fært meðal viðskiptakrafna)	(39)	(37)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	<u>678</u>	<u>587</u>
Greiðslukortakröfur	3.546	3.752
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>4.224</u>	<u>4.339</u>

Gjaldfallnar viðskiptakröfur eru óverulegur hluti viðskiptakrafna.

Veðskuldir

Allar viðskiptakröfur samstæðunnar eru veðsettar vegna vaxtaberandi skulda.

16. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Peningamarkaðsinnlán	0	2.050
Óbundnar bankainnstæður	162	374
Sjóður	60	50
Handbært fé samtals	<u>222</u>	<u>2.474</u>

Veðskuldir

Allt handbært fé samstæðunnar er veðsett vegna vaxtaberandi skulda.

Skýringar, frh.:

17. Eigið fé

Hlutafé

Í milljónum hlutabréfa

Útistandandi hlutir í ársbyrjun	1.153	1.172
Endurkaup á eigin bréfum	(50)	(19)
Útistandandi hlutir í árslok	<u>1.103</u>	<u>1.153</u>

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 1.172 millj. kr. í lok reikningsársins. Félagið á eigin hluti að nafnvirði 69 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun sem samþykkt er á aðalfundum félagsins.

Á aðalfundi Haga sem haldinn var þann 7. júní 2017 var samþykkt að heimila félaginu að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Í ágúst og nóvember 2017 fóru í framkvæmd endurkaupaáætlanir á grundvelli fyrrgreindrar samþykktar og lauk þeirri síðari í febrúar 2018. Endurkaup félagsins námu 50 millj. hluta, fyrir samtals 1.849 millj. kr. og eiga Hagar nú samtals 5,9% af heildar hlutafé félagsins.

Yfirverðsreikningur hlutafjár / lögbundinn varasjóður

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 10% af hagnaði ársins og allt að 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði sem má ekki nota til að greiða hluthöfum arð.

Bundið eigið fé

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

Arðgreiðslur

Stjórn félagsins leggur til að 1,024 kr. á hlut verði greiddar út sem arður til hluthafa á árinu 2018, samtals 1.200 millj. kr. (0 kr. á hlut 2017).

18. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut miðar við hagnað sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og veginn meðalfjöldi virkra hluta á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir til starfsmanna né annarra og félagið hefur ekki tekið lán sem er breytanlegt í hlutafé.

	2017/18	2016/17
Hagnaður ársins til hluthafa móðurfélagsins	<u>2.394</u>	<u>4.036</u>
Vegið meðaltal útistandandi hlutafjár:		
Hlutafé í ársbyrjun	1.153	1.172
Áhrif endurkaupa á eigin bréfum	(18)	(6)
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta	<u>1.135</u>	<u>1.166</u>
Grunnhagnaður á hlut	2,11	3,46

Skýringar, frh.:

19. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	Vegið meðaltal vaxta		Eftirstöðvar	Eftirstöðvar
	28.2.2018	28.2.2017	28.2.2018	28.2.2017
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	5,45%	6,20%	2.872	3.612
Skuldir í ISK, verðtryggðar	10,50%	10,50%	116	141
Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun			2.988	3.753
Næsta árs afborganir langtímaskulda			(771)	(767)
Langtímaskuldir samtals			2.217	2.986

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2017/18	-	767
Afborganir 2018/19	771	771
Afborganir 2019/20	2.168	2.169
Afborganir 2020/21	49	46
Samtals	2.988	3.753

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

Vegna mikilla fjárfestinga á rekstrarárinu, sem og endurkaupa á eigin bréfum, sem fjármagnað var með handbæru fé, náðust ekki skilgreind mörk skilmála í lánasamningi um greiðsluhæfi. Í skilmálanum er ekki tekið tillit til þess handbæra fjár sem félagið á hverju sinni. Viðskiptabanki félagsins veitti félaginu undanþágu frá lánaskilmálanum í lok febrúar og því uppfyllti félagið alla gildandi skilmála í lok reikningsárs.

20. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	28.2.2018	28.2.2017
Viðskiptaskuldir	5.232	5.267
Aðrar skammtímaskuldir	1.665	2.095
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	6.897	7.362

21. Skuldbindingar

Skuldbinding í lok febrúar 2018 er vegna íþyngjandi leigusamninga vegna húsnæðis sem ekki er í notkun hjá samstæðunni. Skuldbindingin nam 445 millj. kr. og hefur öll verið gjaldfærð á reikningsárinu.

Í lok febrúar 2017 voru tekjufærðar 265 millj. kr. undir liðnum skaðabætur. Í ársreikningi Haga 2015/16 var færð skuldbinding vegna kröfu frá samkeppnisaðila um greiðslu skaðabóta vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu félagsins að upphæð 413 millj. kr. Hæstiréttur úrskurðaði í mars 2017 Haga til greiðslu skaðabóta að upphæð 52 millj. kr. auk vaxta og málskostnaðar eða alls 148 millj. kr.

Skýringar, frh.:

22. Önnur mál

Þann 26. apríl 2017 tilkynntu Hagar um undirritun kaupsamnings um kaup á öllu hlutafé í Olíuverzlun Íslands hf. og fasteignafélaginu DGV ehf. Kaupsamningarnir voru undirritaðir með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar, samþykki hluthafafundar fyrir aukningu hlutafjár og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Hluthafafundur samþykkti aukningu hlutafjár á aðalfundi félagsins þann 7. júní 2017 og var fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar aflétt þann 13. júlí 2017.

Niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins var að vænta 8. mars sl. en sáttaviðræður félagsins við eftirlitið höfðu ekki skilað endanlegri niðurstöðu fyrir þann tíma. Sökum þess ákvað stjórn Haga að afturkalla samrunatilkynninguna vegna málsins. Ný samrunatilkynning var send eftirlitinu 27. mars sl. Þann 29. apríl sl. barst Högum frummat um hina nýju samrunatilkynningu en þar kemur fram að Hagar hafi ekki sýnt fram á að framboðin skilyrði nægi til að leysa úr öllum þeim samkeppnislegu vandamálum sem annars leiði af samrunanum. Þykir Samkeppniseftirlitinu því ekki unnt að fallast á framkomna tillögu félagsins að sátt vegna málsins.

Hagar vinna nú að því að koma athugasemdum við frummatið á framfæri og eftir atvikum veita Samkeppniseftirlitinu frekari upplýsingar með það að markmiði að ná sátt um samrunann. Málinu getur því enn lokið með setningu skilyrða fyrir samrunanum eða ógildingu hans.

Kaupsamningurinn er sem fyrr segir háður fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, gagnvart öllum framboðnum skilyrðum, og því verður ekki gengið frá viðskiptunum fyrr en afstaða Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir.

23. Rekstrarleigusamningar

Leigusamningar sem leigutaki

Leigugreiðslur vegna óuppsegjanlegra rekstrarleigusamninga greinast þannig:	28.2.2018	28.2.2017
Innan eins árs	2.348	2.222
Eftir eitt til fimm ár	6.581	6.477
Eftir meira en fimm ár	3.263	2.906
Rekstrarleigusamningar samtals	<u>12.192</u>	<u>11.605</u>

Samstæðan leigir fasteignir undir starfsemi sína. Lengstu leigusamningarnir gilda til ársins 2028. Skuldbindingar samstæðunnar vegna leigusamninganna námu 12.192 millj. kr. í lok reikningsársins (2016/17: 11.605 millj. kr.). Flestir leigusamningar eru tengdir vísitölu neysluverðs. Samstæðan hefur einnig gert rekstrarleigusamninga vegna leigu á áhöldum og tækjum.

Skýringar, frh.:

24. Stýring fjármálagærrar áhættu

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagæringum félagsins:

- Lánsáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Jafnframt eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á innleiðingu og eftirliti með fjármálagæringi áhættu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með starfsmannabjálfun og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagæringi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna og verðbréfa.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Lánsáhætta er lágmarkuð með ítarlegu mati á hverjum og einum viðskiptavin sem hefur lánsviðskipti við félagið, m.a. með því að kanna lánsþæfismat.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Í lok reikningsársins var lánsáhætta félagsins óveruleg.

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi á reikningssskiladegi:

	Skýring	28.2.2018	28.2.2017
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	15	678	587
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur	15	3.546	3.752
Mesta mögulega tap vegna viðskiptakrafna		4.224	4.339
Handbært fé	16	222	2.474
Mesta mögulega tap vegna fjáreigna		4.446	6.813

Hreyfingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:

Staða í upphafi reikningsárs	37	33
Breyting á árinu	2	4
Staða í lok reikningsárs	39	37

Skýringar, frh.:

24. Stýring fjármálaeigar áhættu, frh.:

c. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

Fjárskuldir

28. febrúar 2018	Samnings-		Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
	Bókfært verð	bundið sjóðsflæði				
Vaxtaberandi skuldir	2.872	3.086	899	2.187	0	0
Fjármögnunarleiga	116	148	43	44	61	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	6.897	6.805	6.805	0	0	0
	9.885	10.039	7.747	2.231	61	0

28. febrúar 2017

Vaxtaberandi skuldir	3.612	4.037	968	906	2.163	0
Fjármögnunarleiga	141	191	41	43	107	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	7.362	7.362	7.362	0	0	0
	11.115	11.590	8.371	949	2.270	0

Til viðbótar við samningsbundið sjóðsflæði þá nemur tekjuskattur til greiðslu og skammtíma skuldbindingar alls 824 millj. kr. (2016/17 981 millj. kr.)

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

(i) Gjaldmiðlaáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR), bandaríkjadollar (USD) og breskt pund (GBP).

Tapshætta vegna gjaldmiðlaáhættu

Mögulegt tap samstæðunnar vegna erlendra gjaldmiðla, byggt á nafnverðsfjárhæðum, er 269 millj. kr. í árslok (2016/17: 409 millj. kr.). 10% veiking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum í febrúarlok 2018 hefði minnkað eigið fé og afkomu eftir tekjuskatt um 22 millj. kr. (2016/17: -33 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

24. Stýring fjármálaeigar áhættu, frh.:

d. Markaðsáhætta, frh.:

(ii) Vaxtaáhætta

96,1% af lántökum félagsins eru með breytilegum vöxtum (2016/17: 96,2%).

Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi peningalegar skuldir eru eftirfarandi í lok reikningsárs:

28.2.2018

28.2.2017

Fjármálagerningar með föstum vöxtum

Fjárskuldir	116	141
-------------------	-----	-----

Fjármálagerningar með breytilegum vöxtum

Fjárskuldir	2.872	3.612
-------------------	-------	-------

Breyting í vöxtum skulda með breytilega vexti um 1% í lok reikningsárs myndu hækka (lækka) eigið fé og afkomu um 23 millj. kr. (2016/17: 29 millj. kr.) eftir tekjuskatt.

e. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að viðhalda trausti fjárfesta, lánastofnana og annarra markaðsaðila ásamt því að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Stjórn Haga hf. hefur markað félaginu þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum.

Stefna stjórnar félagsins er greiða hluthöfum þess árlegan arð, sem nemi að lágmarki 50% hagnaðar næstliðins rekstrarárs. Að auki mun félagið, ef tækifæri gefast, kaupa eigin bréf og kaupa fasteignir á hagstæðu verði sem nýtast félaginu í starfsemi sinni. Félagið stefnir að reglubundnum arðgreiðslum og kaupum á eigin bréfum, samkvæmt formlegri endurkaupaáætlun, í þeim tilgangi að lækka hlutafé félagsins, sé svigrúm til þess.

25. Gangvirði

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda samanborið við bókfært verð eins og það er sett fram í efnahagsreikningi greinist þannig:

	28.2.2018		28.2.2017	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	4.224	4.224	4.339	4.339
Handbært fé	222	222	2.474	2.474
Vaxtaberandi skuldir	(2.988)	(2.988)	(3.753)	(3.753)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(6.897)	(6.897)	(7.362)	(7.362)
	(5.439)	(5.439)	(4.302)	(4.302)

Fjallað er um forsendur við ákvörðun gangvirðis í skýringu 4.

Skýringar, frh.:

26. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar félagsins eru stjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út við samstæðureikningskil og eru ekki hluti af þessari skýringu.

Viðskipti við tengda aðila

Laun, hlunnindi og framlag í lífeyrissjóð til forstjóra, stjórnar og lykilstarfsmanna

Laun fyrir rekstrarárið 2017/18 og eignahlutur í lok rekstrarárs

	Laun og hlunnindi	Framlag í lífeyrissjóð	Eignahlutur í árslok*
Kristín Friðgeirsdóttir, stjórnarformaður	8,9	0,7	0,0
Erna Gísladóttir, stjórnarmaður	4,5	0,4	6,9
Salvör Nordal, stjórnarmaður (til 1. sept 2017)	2,2	0,2	á ekki við
Sigurður Arnar Sigurðsson, stjórnarmaður	5,8	0,5	0,0
Stefán Árni Auðólfsson, stjórnarmaður	4,5	0,4	0,0
Finnur Árnason, forstjóri	70,5	13,3	4,2
Lykilstjórnendur (5)**	188,3	26,6	1,2

Erna er nefndarmaður í endurskoðunarnefnd. Kristín, Sigurður Arnar og Stefán Árni eru nefndarmenn í starfskjaranefnd.

*Hlutir í beinni eigu stjórnenda eða aðilum tengdum þeim.

**Fimm lykilstjórnendur eru: Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Haga, Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónus, Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, Kjartan Már Friðsteinsson, framkvæmdastjóri Banana ehf. og Lárus Óskarsson framkvæmdastjóri Aðfanga.

Laun fyrir rekstrarárið 2016/2017 og eignahlutur í lok rekstrarárs

	Laun og hlunnindi	Framlag í lífeyrissjóð	Eignahlutur í árslok*
Kristín Friðgeirsdóttir, stjórnarformaður	8,1	0,7	0,0
Erna Gísladóttir, stjórnarmaður	4,1	0,3	6,9
Salvör Nordal, stjórnarmaður	4,1	0,3	0,0
Sigurður Arnar Sigurðsson, stjórnarmaður	4,1	0,3	0,0
Stefán Árni Auðólfsson, stjórnarmaður	4,1	0,3	0,0
Finnur Árnason, forstjóri	76,6	12,8	4,2
Lykilstjórnendur**	191,0	22,1	1,2

Erna og Salvör voru nefndarmenn í endurskoðunarnefnd. Kristín, Sigurður Arnar og Stefán Árni voru nefndarmenn í starfskjaranefnd.

*Hlutir í beinni eigu stjórnenda eða aðilum tengdum þeim.

**Fimm lykilstjórnendur eru: Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Haga, Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónus, Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, Kjartan Már Friðsteinsson, framkvæmdastjóri Banana ehf. og Lárus Óskarsson framkvæmdastjóri Aðfanga.

Skýringar, frh.:

27. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda félagsins á rekstrarárinu 2017/18 nam 29 millj. kr. (2016/17: 24 millj. kr.) þar af 16 millj. kr. (2016/17: 18 millj. kr.) vegna endurskoðunar og könnunar á ársreikningi.

28. Félög í samstæðu

Dótturfélög félagsins í lok reikningsárs voru fjögur. Dótturfélögin í samstæðuársreikningnum eru eftirfarandi:

	Staðsetning	Eignarhlutur	
		28.2.2018	28.2.2017
Hagar verslanir ehf.	Ísland	100%	100%
Bananar ehf.	Ísland	100%	100%
Ferskar kjötvörur ehf.	Ísland	100%	100%
Noron ehf.	Ísland	100%	100%
Íshöfn ehf.	Ísland	0%	100%
Eignarhaldsfélagið Dagar ehf.	Ísland	0%	100%

Hlutir móðurfélagsins í ofangreindum dótturfélögum eru veðsettir vegna vaxtaberandi skulda.

Eignarhaldsfélagið Dagar ehf. og Íshöfn ehf. sameinuðust móðurfélaginu þann 1. mars 2017.

29. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

Efnahagsreikningur:	28.2.2018	28.2.2017
Veltufjórhlutfall - veltufjórmunir/skammtímaskuldir	1,06	1,23
Eiginfjórhlutfall - eigið fé/heildareignir	61,1%	57,8%
Innra virði hlutafjár	16,28	15,10

Ársfjórðungayfirlit (óendurskoðað)

Allar fjárhæðir eru í millj. kr.

Rekstrarárið 2017/18	1. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	Samtals
Vörusala	19.048	18.121	16.915	19.811	73.895
Kostnaðarverð seldra vara	(14.312)	(13.660)	(12.719)	(14.886)	(55.577)
Framlegð	<u>4.736</u>	<u>4.461</u>	<u>4.196</u>	<u>4.925</u>	<u>18.318</u>
Aðrar rekstrartekjur	54	49	141	50	294
Laun og launatengd gjöld	(2.043)	(1.955)	(2.014)	(2.091)	(8.103)
Annar rekstrarkostnaður	(1.470)	(1.454)	(1.429)	(2.017)	(6.370)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	<u>1.277</u>	<u>1.101</u>	<u>894</u>	<u>867</u>	<u>4.139</u>
Skaðabætur	0	0	0	0	0
Afskriftir	(225)	(231)	(366)	(300)	(1.122)
Rekstrarhagnaður	<u>1.052</u>	<u>870</u>	<u>528</u>	<u>567</u>	<u>3.017</u>
Fjármunatekjur	54	39	26	34	153
Fjármagnsgjöld	(64)	(56)	(53)	(48)	(221)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(10)</u>	<u>(17)</u>	<u>(27)</u>	<u>(14)</u>	<u>(68)</u>
Áhrif hlutdeildarfélsgaga	20	0	0	0	20
Hagnaður fyrir tekjuskatt	<u>1.062</u>	<u>853</u>	<u>501</u>	<u>553</u>	<u>2.969</u>
Tekjuskattur	(212)	(171)	(100)	(92)	(575)
Heildarhagnaður ársins	<u>850</u>	<u>682</u>	<u>401</u>	<u>461</u>	<u>2.394</u>
Rekstrarárið 2016/17					
Vörusala	19.981	20.731	18.951	20.858	80.521
Kostnaðarverð seldra vara	(15.069)	(15.608)	(14.119)	(15.733)	(60.529)
Framlegð	<u>4.912</u>	<u>5.123</u>	<u>4.832</u>	<u>5.125</u>	<u>19.992</u>
Aðrar rekstrartekjur	54	55	47	100	256
Laun og launatengd gjöld	(1.940)	(1.814)	(1.947)	(2.146)	(7.847)
Annar rekstrarkostnaður	(1.653)	(1.557)	(1.534)	(1.633)	(6.377)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	<u>1.373</u>	<u>1.807</u>	<u>1.398</u>	<u>1.446</u>	<u>6.024</u>
Skaðabætur	0	0	0	265	265
Afskriftir	(191)	(271)	(296)	(467)	(1.225)
Rekstrarhagnaður	<u>1.182</u>	<u>1.536</u>	<u>1.102</u>	<u>1.244</u>	<u>5.064</u>
Fjármunatekjur	82	71	63	65	281
Fjármagnsgjöld	(79)	(91)	(72)	(62)	(304)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>3</u>	<u>(20)</u>	<u>(9)</u>	<u>3</u>	<u>(23)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt	<u>1.185</u>	<u>1.516</u>	<u>1.093</u>	<u>1.247</u>	<u>5.041</u>
Tekjuskattur	(237)	(303)	(219)	(246)	(1.005)
Heildarhagnaður ársins	<u>948</u>	<u>1.213</u>	<u>874</u>	<u>1.001</u>	<u>4.036</u>

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Um Haga

Hagar hf. er leiðandi verslunaryfirtæki á íslenskum matvöru- og sérvörumarkaði. Félagið starfrækir 46 verslanir innan fjögurra smásölufyrtækja og fjögur vöruhús. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa en auk þess reka Hagar þrjár sérvöruverslanir. Félagið er skráð á aðallista NASDAQ OMX Iceland og er eignarhald dreift.

Stjórn Haga hefur sett félaginu stefnu um samfélagslega ábyrgð en hún var samþykkt á fundi í maí 2017. Stefnuna má finna á vef félagsins, www.hagar.is, en hún tekur á flestum þeim þáttum sem hér eru til umfjöllunar.

Umhverfismál

Hagar hafa um langt skeið lagt áherslu á umhverfismál, þó ekki sé í gildi formleg umhverfisstefna. Hagar reyna eftir fremsta megni að starfa í sátt við umhverfi sitt og taka tillit til þess í starfsemi sinni. Eitt stærsta verkefnið er án efa sorpflokkun en stærstu verslanir félagsins hafa flokkað allt sitt sorp í fjöldamörg ár. Þá hefur félagið hvatt viðskiptavinum sína til að nota fjölnota burðarpoka og eru þeir seldir á hagstæðu verði í verslunum.

Samfélagsleg mál

Hagar styrkja ýmis góðgerðarmál og hafa gert alla tíð. Um er að ræða styrki, stóra sem smáa, þar sem áherslurnar hafa aðallega verið á hjálparstofnanir, forvarnarstarf, æskulýðsstarf íþróttafélaganna og styrki til tækjakaupa á Landspítalanum. Matvöruverslanir félagsins eru aðilar að Pokasjóði verslunarinnar en sjóðurinn úthlutar árlega styrkjum til ýmissa verkefna sem kostaðir eru af sölu plastburðarpoka í verslunum.

Hagar hafa átt gott samstarf við Vinnumálastofnun en nokkur af fyrirtækjum félagsins taka þátt í verkefni *Atvinna með stuðningi* en þar er fólki með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar veitt atvinna.

Starfsmannamál

Hagar hafa sett sér starfskjarastefnu sem hefur það að markmiði við gerð samninga um starfskjör, að félagið sé samkeppnishæft um starfsfólk og stjórnendur. Til að svo megi verða skal félagið bjóða samkeppnishæf laun við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum. Hagar telja nauðsynlegt að hlúa vel að kjörum stjórnenda félagsins þannig að félagið njóti starfskrafta þeirra og hæfileika sem allra best þannig að hagar þeirra og félagsins fari saman. Við ákvörðun um starfskjör er horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að jafnréttissjónarmiðum. Starfskjarastefnan er aðgengileg á vef félagsins, www.hagar.is, en hún var samþykkt á aðalfundi Haga þann 7. júní 2017.

Jafnréttisstefna Haga var endurskoðuð og samþykkt af stjórn félagsins í mars 2018. Stefna Haga er að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kynjanna og að hver starfsmaður þess sé metinn að eigin verðleikum, óháð kyni, aldri og uppruna. Allt starfsfólk skal njóta sömu virðingar og skulu kynin hafa jafna stöðu innan fyrirtækisins. Hvers konar mismunur er óheimil og verður ekki liðin og er það stefna fyrirtækisins að koma í veg fyrir að slíkt ranglæti eigi sér stað. Jafnréttisstefnan er aðgengileg á vef félagsins, www.hagar.is.

Spillingar- og mútumál

Í siðareglum félagsins, sem endurskoðaðar og samþykktar voru af stjórn í apríl 2017, er lögð áhersla á að fara ávallt að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og að fylgt sé þeim reglum sem félagið setur á hverjum tíma. Kveðið er á um að óheimilt er að misnota aðstöðu sína í starfi, þannig að félagið beri skaða af og eru starfsmenn hvattir til að tilkynna næsta yfirmanni ef þeir verða vitni að spillingu eða óreiðu innan félagsins. Siðareglur þessar leggja einnig áherslu á að forða starfsmönnum frá að taka ákvarðanir sem skapað geta hagsmunarárekstra en meginreglan er sú að hagsmunir starfsmanna og félagsins skuli fari saman. Þá er óheimilt að taka við gjöfum, boðsferðum eða annars konar fríðindum frá viðskiptamönnum félagsins nema með samþykki yfirmanns. Siðareglur félagsins má finna á vefnum www.hagar.is.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Mannréttindamál

Hagar leggja sig alla fram um að virða almenn mannréttindi og eru með í gildi, því til stuðnings, jafnréttisstefnu og siðareglur sem fjallað er um hér að framan. Þá eru Hagar með í gildi viðauka við alla verksamninga félagsins þar sem aðalverktakar lýsa því yfir að þeir muni ávallt og í hvívetna virða lög- og samningsbundin réttindi þeirra aðila sem þeir ráða til sinna starfa, hvort sem um ræðir launþega, starfsmenn starfsmannaleiga, aðra verktaka og/eða undirverktaka. Aðalverktaki lýsir því yfir að starfsemi hans uppfylli ávallt þær kröfur sem íslensk lög, reglur og venjur á vinnumarkaði gera hverju sinni. Aðalverktaki lýsir því einnig yfir að hann beri svokallaða keðjuábyrgð, þ.e.a.s. hann ábyrgist að aðrir verktakar og/eða undirverktakar sem hann hefur ráðið til sinna starfa uppfylli sömu kröfur þannig að réttindi allra þeirra starfsmanna sem að verki koma séu tryggð.